

Ed.

150. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenskrar krónu.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Sjávarútvegsnefnd gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn er samdóma stefnu frv., en flytur nokkrar brtt., sem ekki raska aðalefni þess. Minni hlutinn mun gera grein fyrir tillögum sínum um afgreiðslu málsins í sérstöku álit.

Meiri hl. nefndarinnar kynnti sér eftir föngum sjónarmið og tillögur þeirra samtaka, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við afgreiðslu málsins. Hafa þau sumpart komið fram opinberlega, m. a. í útvarpi og blöðum, og sumpart bárust erindi frá allmörgum aðilum, sem höfðu sérstakar óskir fram að færa.

Brtt. meiri hl., sem prentaðar eru á sérstöku þskj., eru flestar fluttar til að koma til móts við þessar óskir. Fyrstu brtt. er ætlað að taka af allan vafa um réttarstöðu sjómanna og útvegsmanna gagnvart kjarasamningum. Verða þessi atriði öll nánara skýrð í framsögu. Þó er vert að geta þess, að meiri hl. áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 3. umr. um örfá atriði, sem enn hafa ekki hlotið fulln-
aðarathugun.

Alþingi, 11. des. 1968.

Pétur Benediktsson,
form., frsm.

Jón Árm. Héðinsson,
fundaskr.
Sveinn Guðmundsson.

Jón Árnason.